

# Líffræðirannsóknir á Íslandi 2011

## 11. og 12. nóvember

Líffræðifélag Íslands heldur ráðstefnu dagana 11. og 12. nóvember 2011. Við hvetjum alla til að nýta tækifærið til að kynna líffræðirannsóknir sínar með erindum eða veggspjöldum.

Ráðstefnunni verður skipt upp í málstofur eftir viðfangsefnum, ekki verða fleiri en þrjár málstofur samhliða. Ef áhugi er á sérstökum málstofum, komið þá hugmyndum til skipuleggjenda ráðstefnunnar eigi síðar en 10. september. Stefnt er að því að hver málstofa hefjist á 30 mínútna inngangserindi, en hvert erindi er síðan 15 mínútur. Ef of margar beiðnir um erindi berast, getur þurft að bjóða sumum þáttakendum að senda inn veggspjald í staðinn.

**Skráningarfrestur á ráðstefnuna er 1. október.**

Vinsamlegast skráið þátttöku og útdrátt á síðunni <http://lif.gresjan.is/2011/skraning.php>. Vinsamlegast takið fram við skráningu hvort þið óskið eftir því að vera með veggspjald eða erindi. Útdrættir, erindi og veggspjöld skulu vera á íslensku eða ensku, en við hvetjum þátttakendur til að kynna efni sitt á íslensku sé þess auðið. Lengd útdráttá skal ekki vera lengri en 1500 slög.

Að lokinni ráðstefnunni, laugardagskvöldið 12. nóvember, verður haldinn haustfagnaður félagsins. Staðsetning og nánari upplýsingar verða gefnar síðar.

Nánari upplýsingar, um ráðstefnu og haustfagnað birtast á vefsíðu félagsins [biologia.hi.is](http://biologia.hi.is)

Undirbúningsnefndin/stjórn líffræðifélagsins:

Snæbjörn Pálsson (snaebj@hi.is)  
Snorri Páll Davíðsson (spd@gresjan.is)  
Lovísa Ólöf Guðmundsdóttir (log3@hi.is)  
Bjarni K. Kristjánsson (bjakk@holar.is)  
Arnar Pálsson (apalsson@hi.is)